

- b. (5. gr.) Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.
- c. (6. gr.) Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, þar sem megináherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er við kemur vernd fiskistofnanna.

Aðrar greinar laganna breyti um röð í samræmi við þetta, þannig að 4. gr. verður 7. gr. o. s. frv.

5. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1972“ í 8. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 89/1971) komi: til 1. júlí 1973.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sildar- og fiskimjölsværksmiðjum, er taka við loðnu af fiskiskipum til bræðslu, skal skylt að taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í löndunarhöfn, sbr. þó 3. mgr. 2. gr.

2. gr.

Skipulagning og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda til skiptis frá samtökum sjómanna og frá samtökum útgerðarmanna, eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra fiskimjölsværksmiðjendanna og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til eins árs í senn. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu sildar- og fiskimjölsværksmiðja og ákveða samkvæmt því, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur.

Eigi er heimilt að stöðva löndun í verksmiðju, meðan móttökuskilyrði eru fyrir hendi.

Fiskiskipum skulu veittar upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð samkvæmt ákvörðun nefndarinnar. Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar í verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun, en að öðru leyti skal skipstjóri hvers skips ákvarða og tilkynna nefndinni, hvar hann muni leita löndunar.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara að fengnu álitum samtaka sjómanna, útvegsmanna og Félags íslenskra fiskimjòlsframleiðenda.

Kostnaður af framkvæmd laganna, þ. á m. þóknun nefndarinnar, greiðist af fiskkaupendum og fiskseljendum eftir reglum, er ráðuneytið setur. Skal heimilt að ákveða, að greidd skuli ákveðin fjárhæð af hverri hráefnismálest frá seljendum og jafnhá fjárhæð frá kaupendum til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna. Skulu kaupendur standa skil á greiðslum þessum, og hefur nefndin á hendi innheimtu og reikningshald með gjaldi þessu. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimtist með þessum hætti, skal heimilt að ákveða, að hann renni til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir loðnuafurðir.

4. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum, eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau til ársloka 1973.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1973 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- Með allt að 140% viðauka leyfisbréfgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.